

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingar í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir eða breytingar á deiliskipulagsáætlunum:

- Fristundabyggð við Seyðishóla í landi Klausturhóla í Grímsnesi, breyting á deiliskipulagsskilmálum.*  
Breytingin felst í því að hámarksstærð frístundahúsa verður 180 m<sup>2</sup> í stað 100 m<sup>2</sup> og hámarksstærð annarra húsa (geymsla, svefnhús eða gróðurhús) verður 25 m<sup>2</sup> í stað 10 m<sup>2</sup>.
- Klausturgata C í landi Klausturhóla, breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar.*  
Breytingin felst í því að stærð og lega leikvallar breytist. Gert er ráð fyrir að lóð nr. 4cc og lóð 2C sameinist og verði lóð nr. 2C (9.500 m<sup>2</sup>) og hins vegar leikvöllur (7.200 m<sup>2</sup>).
- Farborgir í landi Miðengis, breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar.*  
Breytingin á við fjórar lóðir við Dvergahraun þannig að lóðir nr. 4 og 6 verða að einni lóð, lóð nr. 4 og lóðirnar nr. 10 og 12 verða að einni lóð, lóð nr. 10. Fyrri skilmálar gilda áfram.
- Fristundabyggð í landi Svinavatns, breyting á deiliskipulagsskilmálum frístundabyggðar.*  
Breytingin felur í sér að hámarksstærð húsa er felld niður, en hún var 60 m<sup>2</sup> og gert er ráð fyrir einu húsi á hverri lóð, að hámarki 200 m<sup>2</sup>. Heimilt er að reisa útigeymslu eða svefnhús á hverri lóð og er hámarksflatarmál þess 25 m<sup>2</sup>.
- Sultartangalína III við Tjaldafell, breyting á deiliskipulagi fjallaskála.*  
Gert er ráð fyrir að Sultartangalína III verði lögð 50 m norðan við núverandi Sultartangalínu I. Breytingin er talin nauðsynleg vegna legu Sultartangalínu um syðsta hluta skipulagssvæðisins en hefur að öðru leyti ekki áhrif á deiliskipulagið.
- Efri-Markarbraut, Höfðabraut og Tóftarbraut í landi Vaðness, breyting á deiliskipulagsskilmálum frístundabyggðar.*  
Breytingarnar fela í sér að stærð húsa má nú vera allt að 120 m<sup>2</sup> í stað 80 m<sup>2</sup> áður og einnig heimilt að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús, þó ekki stærri en 25 m<sup>2</sup>. Hæð mænis skal ekki vera meiri en 6,0 m frá jörðu.
- Þórufell í landi Syðri-Brúar, deiliskipulag frístundabyggðar.*  
Deiliskipulagið nær yfir átta lóðir fyrir frístundahús ásamt leiksvæði. Reisa má 100 m<sup>2</sup> hús á hverri lóð auk 15 m<sup>2</sup> geymslu. Aðkoma er um þjóðveg nr. 36.

8. *Rannveigarstaðir lóð nr. 31 og 31a í landi Öndverðarness II, deiliskipulag frístundabyggðar.*

Um er að ræða tvær frístundalóðir kenndar við Rannveigarstaði, lóð nr. 31 og 31a. Önnur lóðin er þegar byggð þ.e. lóð merkt nr. 31. Hin lóðin merkt nr. 31a er óbyggð en þar er gert ráð fyrir einum bústað allt að 100 m<sup>2</sup> og 25 m<sup>2</sup> útihúsi.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 1. júní 2006.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 16. júní 2006